

Alþingi
Erindi nr. P 132/1807
komudagur 25.4.2005

Rannsóknamiðstöð Íslands, RANNÍS

Einkaleyfisgjald Happraættis Háskóla Íslands er undirstaða Tækjasjóðs sem árlega úthlutar rannsóknastofnunum styrkjum til kaupa á dýrum tækjum og búnaði. Þessi ráðstöfun hefur tryggt íslensku vísinda- og tæknisamfélagi mikilvæga uppbyggingu rannsóknabúnaðar og innviða í samkeppni á gæðagrundvelli verkefna. Rannsóknamiðstöð Íslands telur mikilvægt að innviðir rannsókna og tækniþróunar verði áfram styrktir á þennan hátt þar sem hlutlægt gæðamat ræður fjárfestingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Happraætti Háskóla Íslands muni eftir sem áður greiða 20% af nettóársarði sem einkaleyfisgjald til Tækjasjóðs en að gjaldið verði aldrei hærra en sem nemur 150 milljónum króna.

Rannsóknamiðstöð Íslands fagnar því að slíku gjaldi sé áfram ætlað að renna til Tækjasjóðs. Hins vegar er eindregið ráðið frá því að lögfesta krónutöluhámark á gjaldið. Hætta er á að föst lögboðin upphæð verði fljótt marklítill með tilliti til kostnaðar- og gengisþróunar, ekki síst þar sem nær öll tæki og innviðir til rannsókna eru verðlögð í erlendum gjaldeyri. Ekki er að sjá í greinargerð haldbæran rökstuðning fyrir slíku hámarki.

Rannsóknamiðstöð Íslands leggur því til að orðin “þó ekki hærra fjárhæð en 150.000.000 kr” verði felld niður í grein 1.

fh Hans Kristjáns Guðmundssonar forstöðumanns Rannís
Páll Vilhjálmsson